

34 vil eg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að
8. marz. jeg eptir upplýsingum þeim, sem fram eru komnar í málinu, og eptir því sem alkunnugt er um hafis og veðráttufar hjer við land á síðastliðnu sumri, ekki finn ástæðu til að taka framannefndar skaðabótakröfur til greina.

35 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um skaðabótakröfu fyrir
8. marz. skemmdir á póstsendingu. — Með þóknanlegu brjefi 21. f. m. hafið þjer, herra póstmeistari, sent mjer skýrslur viðvíkjandi erindi frá Jóni landritara Jónssyni, þar sem hann fyrir hönd Skapta Jóseppsonar á Akureyri krefst skaðabóta fyrir skemmdir á böggulsendingu, er skilað var á póststofuna á Akureyri 13. júlí f. á., með tilgreindri verðupphæð, 400 kr., og hafið þjer jafnframt skýrt mjer frá álití yðar um málið. Af skýrslum þeim, sem þannig eru fram komnar, sjest, að í umræddri böggulsendingu voru dómsgjörðir í máli, sem áfrýjað var til yfirdómsins, og að hið tilgreinda verð á böggulsendingunni og ábyrgð sú, sem keypt var fyrir hana, eingöngu snerti dómsgjörðir þessar, en að þar að auki höfðu verið látnar innan í böggulsendinguna 40 kr. í mótuðum peningum, mestallt ef ekki allt í silfri, sem ekki var sagt til á pósthúsinu, þá er sendingunni var skilað. Um sendinguna var svo búið, að utanum hana var einungis almennur umbúðapappír, haldinn saman með lakki, en engu bundið utanum hana, og þegar sendingin kom á pósthúsið hjer í bænum, höfðu umbúðirnar nuddast sundur, og skjöl þau, sem innan í þeim voru, einnig nuddast, einkum á hornunum, þó ekki að yðar ætlun meira en svo, að þau að mestu leyti mundu hafa verið læsileg.

Af því, sem þannig er framkomið, virðist líklegast, að skemmdir þær, sem orðið hafa á umræddri póstsendingu, hafi orsakast af því, að innani hana voru látnir mótaðir peningar, sem með þunga sínum hafa orsakað, að umbúðir sendingarinnar hafa rifnað við hristinginn í póstkoffortunum, og með því að sá, sem skaðabótanna krefst, hefir brotið á móti póstlögnum bæði með því að segja ekki til að mótaðir peningar væru í póstsendingunni, og með því að búa ekki um hana svo sem fyrir er mælt í auglýsingu 3. maí 1872, 13. gr., þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að hann samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, 13. gr., hafi fyrirgjört öllum rjetti til skaðabóta, og get jeg því ekki tekið þar að lútandi kröfu hans til greina.

Þetta skal yður hjer með til vitundar gefið, herra póstmeistari, yður til leiðbeiningar, og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum.